



Upplýsingar  
til fjölmiðla

## EYRARRÓSin

Eyrarrósin verður afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag föstudaginn 13. janúar kl 16:00.

Eyrarrósin er sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands hafa sett á stofn. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú og mun hún afhenda viðurkenninguna og verðlaunagripinn.

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2006: *Jöklasýning á Höfn í Hornafirði, Kórastefna við Mývatn og LungA – listahátíð ungs fólks á Seyðisfirði*. Eitt þessara verkefna hlýtur verðlaunafé að upphæð 1,5 miljónir króna og verðlaunagrip sem Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona hefur gert.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er velkomið að vera viðstaddir athöfnina á Bessastöðum, en nánari upplýsingar um Eyrarrósina veita Hrefna Haraldsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir hjá Listahátíð í Reykjavík í síma 561 2444.

*13. janúar 2006*